

# Vísindatónleikar Ævars

Laugardagur 6. febrúar 2016



**Eureka!** nefnist einkennisstef Ævars vísindamanns. *Eureka* er einskonar upphrópun og getur útlagst sem: „Ég hef fundið það!“ eða „Það er komið!“ Nafnið á stefinu á því skemmtilega við það sem Ævar elskar helst; grúsk, rannsóknir, skrif og leit af ýmsum toga. Stefið er leyndardómsfullt en einnig uppfullt af spennu og eftirvæntingu.

Vissir þú ...  
að harpan hefur 47 strengi.  
Sá fyrsti er á stærð við tannstöngul  
en sá lengsti er mannhæðarhár.



**Litla sveitalestin** er heiti á síðasta þætti í hljómsveitarsvítu, sem er röð laga eða þátta, eftir brasilíska tónskáldið Villa-Lobos. Síðasti þátturinn á að líkja eftir hljóðinu sem sveitalestin gefur frá sér þegar hún þeysist um sveitir Brasilíu. Sviðið í Eldborg breytist í einskonar brautarball með tilheyrandi vélargný og gufustrókum.

Bræðurnir **Robert** og **Richard Sherman** sömdu tónlist fyrir fleiri söngleikjamyndir en nokkurt annað tvíeyki í kvikmynda-sögunni. Titilstefið úr *Kitty Kitty Bang Bang* er ástarjátning eigendanna, vísindamanns-ins og barnanna hans, til bílsins Kitty Kitty. Heimilisfaðirinn, sem er uppfinninga-maður, gerir upp gamlan kappakstursbíl og breytir honum í glæsivagn sem býr yfir allskonar töfrum.

Titillag **Júragarðsins** er tignarleg tónsmíð. Hún hefst á einleik hornsins – hornakalli eins og verið sé að vekja eitthvað hægt til lífsins af mikilli addáun og rósemi enda ferðast stór dýr hægt. Williams reyndi með tónlistinni að fanga tignarlega fegurð risaæðlanna í náttúrunni.

**Leroy Anderson** vann sem túlkur á Íslandi í seinni heimsstyrjöldinni. Hann samdi glaðværa og hressilega tónlist þar sem heyra má hversdagslega hljóðgjafa notaða á afar skemmtilegan og líflegan hátt. Engum hafði þó dottið í hug að semja lag þar sem ósköp venjuleg ritvél var einleiks-hljóðfæri.

**Koji Kondo** er þekktastur fyrir tónlist sína úr tölvuleikjunum Super Mario Bros. og Zeldu. Rokkhljómsveitin Deep Purple og píanókonsertar rússneska tónskáldsins Rakhmanínovs hafa haft mikil áhrif á Kondo sem byrjaði að læra á rafmagnsorgel þegar hann var fimm ára.



**John Williams** telst til bestu og vinsælustu kvikmyndatónskálda sögunnar. Sögusvið *Stjörnustríðsmyndanna* er ekki jarðneskt og sögupersónurnar eru ævintýrlegar. Williams gefur þeim mannleg einkenni og tilfinningar með tónlistinni sem stendur okkur jafn nærri og sögupersónurnar eru fjarlæg.



**Jóhann Jóhannsson** telst nú til helstu kvikmyndatónskálda samtímans. Jóhann þykir einkar lunkinn við að blanda saman alls kyns hljóðfærum og hljóðgjöfum úr ólíkum áttum og galdra fram ólýsanlegan hljóðheim sem er töfrum líkastur rétt eins og heimur vísindanna.

**Alan Silvestri** semur aðallega tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Auk þess að semja tónlistina fyrir myndirnar þrjár *Aftur til framtíðar* samdi hann tónlistina fyrir *Forrest Gump*. Það er við hæfi að ljúka Vísindatónleikunum á þessu lagi þar sem allir vegir eru færir.

## KÆRU TÓNLEIKAGESTIR

Það er mér sannur heiður að bjóða ykkur velkomin á Vísindatónleika Ævars og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það er vísindalega sannað að Sinfóníuhljómsveitin okkar er á heims mælikvarða og það að fá að standa á sama sviði og þessir flottu listamenn er draumi líkast.

Í dag ætlar hljómsveitin að spila fyrir ykkur nokkur af uppáhalds tónverkunum mínum. Sum verkanna eru úr kvikmyndum, önnur úr tölvuleikjum og enn önnur lífa eigin lífi. Öll verkin eru vandlega valin

því þau tengjast á einn eða annan hátt nokkrum af merkustu uppfinningum mannkynssögunnar. Á milli laganna mun ég segja ykkur betur frá þeim.

Ég hef alltaf sagt að vísindin séu alls staðar - hvort sem þú ert að smíða ryksuguhanska eða spila á hljóðfæri - og nú eru þau í Hörpu.

Góða skemmtun!  
-Ævar

## Sinfóníuhljómsveit Íslands



## VÍSINDATÓNLEIKAR ÆVARS 6. FEBRÚAR 2016 » 14:00 » 16:00

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**  
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri  
**Ævar vísindamaður** kynnir  
**Sprengju-Kata** sérstakur gestur

**Þórður Gunnar Þorvaldsson & Helgi Jónsson** *Eureka!*  
Úts. Hrafnkell Orri Egilsson

**John Williams** *Úr Júragarðinum*

**Heitor Villa-Lobos** *Litla sveitalestin*

**Robert & Richard Sherman** *Kitty Kitty Bang Bang*  
Úts. Hrafnkell Orri Egilsson

**Leroy Anderson** *Ritvélin*

**Koji Kondo** *Úr Super Mario Bros*  
Úts. Hrafnkell Orri Egilsson

**John Williams** *Úr Stjörnustríði*

**Jóhann Jóhannsson** *Úr The Theory of Everything*

**Alan Silvestri** *Aftur til framtíðar*

ÞETTA ER LAGIÐ  
ÚR ÞÁTTUNUM MÍNUM!

ÓTRÚLEGUSTU  
HLUTIR  
GETA VERIÐ  
HLJÓÐFÆRI :)

ÁTTU EKKI  
ÖRUGGLEGA  
AUKALÍF?

ÞANGAÐ SEM VIÐ ERUM  
AÐ FARA, ÞURFUM VIÐ  
ENGA VEGI ...

## Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM

Ævintýrið um Eldfuglinn  
Lau. 7. maí » 14:00

Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Barbara trúður tónleikagestum frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu og gulleplunum. Myndum af Eldfuglinum verður varpað upp meðan á flutningi stendur.

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Trúðurinn Barbara** sögumaður



## VILT ÞÚ VERÐA PERSÓNA Í STÓRHÆTTULEGRI VÉLMENNABÓK?

Frá 1. janúar - 1. mars stendur Ævar fyrir lestrarátaki fyrir alla krakka í 1. - 7. bekk. Átakið er afar einfalt; fyrir hverjar þrjár bækur sem þú lest fyllir þú út lestrarmiða (sem finna má á næsta skólabókasafni eða inn á [www.visindamatur.is](http://www.visindamatur.is)), fyllir hann út og setur í lestrarmiðakassa sem finna má á næsta skólabókasafni. Þú mátt lesa hvaða bók sem er og á hvaða tungumáli sem er.

Þann 1. mars verða fimm nöfn dregin úr pottinum. Þeir fimm krakkar sem fá verðlaun verða persónur í stórhættulegri vélmennabók sem kemur út í vor: Bernskubrek Ævars vísindamanns: Árás vélmennakennaranna.

Gangi þér vel!

#sinfó #ævarvís